



KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉR Samband innan Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands

Reglugerð um félagsaðild innan Kraftlyftingasambands Íslands

Félagsaðild miðast við skráningu í skráningarkerfi ÍSÍ, og skulu keppendur vera skráðir kraftlyftingaiðkendum þar. Hvert félag ber ábyrgð á skráningu og afskráningu sinna félaga.

Hvert kraftlyftingafélag setur sínar reglur og skilyrði fyrir meðlimi varðandi inngöngu, brotthvarf, æfingafyrirkomulag, val í keppnislið, starfsframlag og gjald.

Reglurnar mega ekki brjóta í bága við almennar reglur ÍSÍ og KRAFT.

Félagsmenn eru fulltrúar síns félags og fara eftir þeim reglum sem þar gilda.

Um félagaskipti

Til að félagaskipti geti átt sér stað þarf viðkomandi að vera skuldlaus við sitt félag.

Félagaskipti skal tilkynna á þar til gerðu eyðublaði sem er að finna á heimasíðu KRAFT sem sendist til beggja félaga með afrit til KRAFT. Tilkynningin getur verið í formi tölvupósts. Þar skal komafram fullt nafn, heimilisfang og kennitala viðkomandi, nafn félagsins sem viðkomandi gengurúr og nafn hins nýja félags.

Félagaskiptin ganga í gildi frá þeim degi sem nýskráning birtist í skráningarkerfi ÍSÍ, þó aldrei fyrr en 30 dagar eru liðnir frá dagsetningu bréfsins.

Stjórn KRAFT áskilur sér rétt til að kanna ástæður félagaskiptanna og vísa málinu til dómstóls ÍSÍ ef ekki hefur verið farið að reglum sambandsins.

Óheimilt er að keppa fyrir fleiri en eitt félag á sama keppnistímabili. Keppnistímabilið er frá 1.janúar – 31.desember.

Stjórnin getur veitt undanþágu frá þessari grein við sérstakar aðstæður.

Um brottvikningu úr félagi

Ef stjórn félags ákveður að vísa einstaklingi úr félaginu, tímabundið eða að fullu, af einhverjum ástæðum, skal tilkynna það til KRAFT og tekur afskráning þegar gildi.

Félagið ber ábyrgð á að skrá viðkomandi úr skráningarkerfi ÍSÍ.

Viðkomandi aðili getur kært þessa ákvörðun til ÍSÍ sbr. lög ÍSÍ.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands 8. janúar 2024.

